

## Úrskurður

Mál nr. 28/2020-2021

**Viðburður:** Leikur Skallagríms gegn ÍR í riðlakeppni yngri flokka sem leikinn var þann 23. febrúar 2021.

**Gegn:** Szymon Eugeniusz Nabakowski

**Atvikaskýrsla:** Dómarar leiksins

### Málavextir

Í atvikaskýrslu dómara leiks kom fram að leikmaður nr. 7 hjá ÍR hafi hlaupið í hornið fyrir utan þriggja stiga línuna og hitti þar úr skoti. Í kjölfarið hafi leikmaðurinn hlaupið til baka en þá hafi þjálfari Skallagríms gert tilraun til að fella leikmanninn. Í kjölfar brotsins fékk þjálfari Skallagríms beinan brottrekstur. Myndband af atvikinu barst frá ÍR. Engar athugasemdir bárust frá þjálfara Skallagríms eða félaginu. Í ljósi niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar KKÍ um agaviðurlög í máli þessu og í samræmi við starfsreglur nefndarinnar er saminn úrskurður í málinu.

### Rökstuðningur

Af myndbandsupptökunni má sjá leikmann ÍR hlaupa til baka eftir að hafa tekið þriggja stiga skot í horninu fyrir framan bekk Skallagrímliðsins. Þjálfari Skallagríms bregður fæti fyrir leikmanninn. Þó leikmaðurinn falli ekki er það einskær heppni sem ræður því.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu d. liðar 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd, en þar segir að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða keppnisstað vegna viljandi líkamsmeiðingar eða tilraunar til slíks þá skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í að minnsta kosti þriggja leikja bann. Við nánari ákvörðun á agaviðurlögum, telur nefndin jafnframt að líta skuli til þess að Szymon Eugeniusz Nabakowski, er í ábyrgðarstöðu sem þjálfari liðs á meðan brotapolli er barn og verður það virt til þyngingar agaviðurlögum.

Með vísan til akvæðis d. liðar 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd, skal Szymon Eugeniusz Nabakowski, þjálfari Skallagríms sæta fjögurra leikja banni vegna agabrotsins.

## **Úrskurður**

Szymon Eugeniusz Nabakowski, þjálfari Skallagríms, skal sæta fjögurra leikja banni vegna háttsemi sinnar í leik Skallagríms gegn ÍR í riðlakeppni yngri flokka sem leikinn var þann 23. febrúar 2021.

**Reykjavík, 9. mars 2021**

**Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður**

**Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður**

**Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður**

**Birkir Guðmundarson**

**Kristinn G. Kristinsson**

**María Káradóttir**